



100. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn, 27. október, 2004, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, bauð fundarmenn velkomna í Hillebrandtshús og setti þennan 100. fund bæjarráðs.

Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2005.
2. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga
3. Umsögn v. leyfis um veitinga- og gististaði.
4. Erindi frá Umhverfisstofnun vegna starfsleyfis f. urðunarstað.
5. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
6. Bréf frá Félagsmálaráðuneyti v. hækkunar hámarkslána Íbúðalánasjóðs.
7. Bréf frá lögmannsstofunni "Lögmenn Klapparstíg".
8. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. **Fjárhagsáætlun 2005.**
Bæjarstjóri lagði fram yfirlit yfir gjaldskrár og tillögur að breytingum sem fundarmenn fóru yfir. Bæjarráð samþykkir drögin.
2. **Fjármálaráðstefna sveitarfélaga.**
Ráðstefnan verður haldinn 1. og 2. nóvember nk. Dagskráin lögð fram til kynningar.
3. **Umsögn v. leyfis um veitinga- og gististaði.**
Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi þar sem óskað er eftir umsögn vegna leyfis til að reka gistiskála og mötuneyti fyrir starfsmenn í starfsmannahúsi SAH að Húnabraut 39, Blönduósi. Bæjarráð tekur jákvætt í erindið.
4. **Erindi frá Umhverfisstofnun vegna starfsleyfis f. urðunarstað.**
Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Blönduóssbæjar vegna endurnýjunar á starfsleyfi fyrir sorpurðunarstað við Draugagil. Með erindi stofnunarinnar fylgja tillögur að nýju starfsleyfi þar sem tekið er tillit til nýrra laga nr. 55/2003, nr. 737/2003 og nr. 738/2003. Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi tillögur.
5. **Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**
Fundargerðin er lögð fram til kynningar og er frá 15. október 2004.
6. **Bréf frá Félagsmálaráðuneyti v. hækkunar hámarkslána Íbúðalánasjóðs.**
Skv. nýrri reglugerð nr. 798/2004 hækka hámarkslán vegna notaðra íbúða og nýbygginga. Erindinu er vísað til húsnæðisnefndar.



7. Bréf frá lögmannsstofunni "Lögmenn Klapparstíg".

Með bréfi dags. 18. október 2004 skorar Ólafur Örn Svansson hdl., í umboði Bóthildar Halldórsdóttur og Davíðs Sigurðssonar, Aðalgötu 11, Blönduósi, á Blönduósbæ að endurskoða afstöðu sína sem fram kemur í bréfi dags. 7. október sl.

Bæjarráð ítrekar fyrri afstöðu sína sem fram kemur í svarbréfi til húseigenda dags. 7. október 2004.

8. Önnur mál.

a. Tjaldsvæðið Brautarhvammi.

Fram kom að formaður bæjarráðs og forseti bæjarstjórnar sátu fund með nýjum rekstraraðilum Glaðheima ehf. þann 26. október sl. Hafa þeir m.a. óskað eftir endurnýjun á eldri samningi milli Blönduóssbæjar og Glaðheima ehf. og samvinnu í byggingu þjónustuhúss í Brautarhvammi. Bæjarráð tekur vel í að samningur verði endurnýjaður og felur bæjarstjóra að leggja fram drög að nýjum samningi.

b. Hillebrandtshús.

Bæjarráð Blönduóssbæjar samþykkir að á fjárhagsárinu 2005 verði tveim milljónum króna varið til uppbyggingar gallerí- og safnaðstöðu í Hillebrandtshúsi.

Hillebrandtshús er elsta timburhús á Blönduósi og eitt af merkustu húsum í gamla bæjarkjarnanum. Húsið er frá tíma einokunarverslunarinnar og að hluta til eitt elsta timburhús sem enn stendur uppi á Íslandi. Húsið er mikil bæjarprýði en hefur staðið autt frá endurgerð þess fyrir nokkrum árum. Nokkrar sýningar hafa verið haldnar í Hillebrandtshúsi frá því að húsið var endurnýjað og vel tekist til. Bæjarráð Blönduóssbæjar telur mikilvægt að finna þessu merka húsi notkun til framtíðar og að byggð verði lágmarksaðstaða þannig að það nýtist til sýninga- og safnaðstöðu.

c. Erindi frá Bílaþjónustunni ehf.

Framkvæmdastjóri Bílaþjónustunnar ehf. óskar svara frá Blönduóssbæ hvort sveitarfélagið geri kröfu á að fyrirtækið byggji að nýju við Efstubraut eftir bruna í lok september (Votmúla). Fram kemur í erindinu að fyrirtækið hafi hug á að kanna með að koma fyrirtækinu upp á öðrum stað. Bæjarráð lítur jákvætt á erindið og vísar því til frekari umsagnar í skipulags- og byggingarnefnd.

**Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 18:40.**

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)